



## Handbók foreldra



**Verið velkomin**

## Verið velkomin!

Við bjóðum þig og barnið þitt hjartanlega velkomin í Leikni. Það er ósk okkar að með þessum litla bæklingi fái þú allar helstu upplýsingar sem þú þarfnast til að byrja að njóta þess að vera í félaginu okkar, félaginu þínu, Leikni!

Leiknir er félag þar sem vel er tekið á móti öllum og er fyrst og fremst rekið áfram af áhugasömum foreldrum. Félagið er ekkert annað en fólkið sem skráir sig til leiks og tekur þátt í starfinu. Við hvetjum því alla til að vera virka þátttakendur og hafa gaman í Leikni!

## Skráðu þig á Facebook síðu flokksins!

Hver flokkur í félaginu hefur sína eigin facebooksíðu. Þjálfarar nota síðurnar til að koma upplýsingum á framfæri og því nauðsynlegt að foreldrar og eldri iðkendur séu með aðgang að síðunum. Einnig setur félagið upplýsingar inn á síðurnar þegar viðburðir eru framundan og fjáraflanir.

### **3-5 ára – Íþróttaskólinn**

#### **Leiknir 8.flokkur (kk og kvk)**

##### **1. og 2. bekkur:**

#### **Leiknir 7.flokkur kk /Leiknir 7.flokkur kvk**

##### **3. og 4. bekkur:**

#### **Leiknir 6.flokkur kk /Leiknir 6.flokkur kvk**

##### **5. og 6. bekkur:**

#### **Leiknir 5.flokkur kk / Leiknir 5.flokkur kvk**

##### **7. og 8. bekkur:**

#### **Leiknir 4.flokkur kk /Leiknir 4.flokkur kvk**

##### **9. og 10. Bekkur:**

#### **3.flokkur Leiknis kk/ Leiknir 3.flokkur kvk**

Leiknir hefur tekið til notkunar skráningar og samskiptaforritið [Sportabler](#) og virkar það aðallega sem skráningar og greiðsluforrit en einnig er hægt að nýta það í samskipti milli iðkenda/foreldra og þjálfara. Nánari upplýsingar er að finna hjá þjálfara hvers flokks fyrir sig og því er mjög góð byrjun að sækja um aðgang að facebooksíðum flokkana til þess að sjá hvaða þjálfari sér um hvern flokk þá og þegar.



## Æfingar

Æfingar félagsins fara fram á félagssvæði okkar, Leiknisvelli. Yfir vetrartímam æfa flokkarnir líka í íþróttahúsi Fellaskóla og einnig fær félagið úthlutað æfingatímum í knattúsinu í Mjódd.

Æft er allt árið en tekin eru stutt frí samhliða fríum í grunnskólunum (vetrarfrí, jólafrí, páskafrí). Sumarfrí hefst alla jafna eftir miðjan júlí og stendur fram yfir verslunarmannahelgi.

Hver flokkur æfir samkvæmt æfingatöflum sem gefnar eru út fjórum sinnum á ári:

- **VETRARTAFLA FRÁ 1. OKTÓBER TIL 1. MAÍ**
- **VORTAFLA FRÁ 1. MAÍ TIL 10. JÚNÍ**
- **SUMARTAFLA FRÁ 10. JÚNÍ TIL 20. ÁGÚST**
- **HAUSTAFLA FRÁ 20. ÁGÚST TIL 20. SEPTEMBER**

Æfingatöflurnar má finna á heimasíðu Leiknis undir Æfingatöflur (<https://www.leiknir.com/fotbolti-blak/aeingatoflur/>).

Forföll skal tilkynna þjálfara.

## Æfingagjöld

Æfingagjöldin standa að miklu leyti undir rekstri barna- og unglíngastarfs hjá félaginu. Stefna félagsins er þó að stilla æfingagjöldum í hóf og hafa þau ávallt verið með þeim lægstu á landinu. Þannig stuðlar félagið að því að allir geti stundað fótbolta.

Hvert knattspyrnutímabil hjá Leikni stendur frá október til september ári seinna og miðast æfingagjöld við það. Greiðsla æfingagjalda fer fram í gegnum Sportabler. Einnig er hægt að nýta frístundakortið.

Almenn skilyrði fyrir þátttöku í mótum á vegum félagsins er að gengið hafi verið frá greiðslu æfingagjalda.

## Frístundakortið

Öll börn og unglíngar á aldrinum 6 - 18 ára með lögheimili í Reykjavík fá frístundakort. Frístundakortið er 50.000 króna styrkur frá Reykjavíkurborg sem hægt er að nota upp í æfingagjöld barnsins. Frístundastyrknum er hægt að ráðstafa í gegnum greiðsluferli í Sportabler.

**Ekki hika við að leita aðstoðar hjá starfsfólki á skrifstofu Leiknis ef þú ert í vafa varðandi frístundakortið.**

## Mótahald yngri flokka

Allir flokkar Leiknis taka reglulega þátt í mótum og mótahald er fastur liður í starfi félagsins. Foreldrar þurfa að vera meðvitaðir um mótin og að þeim getur fylgt aukakostnaður. Félagið sendir ávallt lið til keppni í Íslandsmót og Reykjavíkurmót. Ekki eru þáttökugjöld á þessum mótum en það

getur komið til ferðakostnaðar ef keppt er við lið úti á landi í Íslandsmóti.

Það er ekki skylda að taka þátt í opnum mótum en þau mót sem félagið skráir sig yfirleitt til leiks á eru eftirtalin:

### 3. flokkur:

Reykjavíkurmót (frá nóvember til og með apríl).

Íslandsmót (frá maí og út ágúst).

Gothia Cup, annað hvert ár. Mótið er haldið í Gautaborg í Svíþjóð og fer fram í júlí.

### 4. flokkur:

Reykjavíkurmót (frá nóvember til og með apríl).

Íslandsmót (frá maí og út ágúst).

Gothia Cup annað hvert ár (2018/2020/2022). Mótið er haldið í Gautaborg í Svíþjóð og fer fram í júlí.

### 5. flokkur:

Reykjavíkurmót (frá febrúar til og með apríl).

Íslandsmót (frá maí fram í ágúst).

Drengir: N1 mót á Akureyri. Mótið fer fram í kringum mánaðarmót júní/júlí.

Stúlkur: Síamót Breiðabliks um miðjan júlí. Lengd mótsins er fjórir dagar.

### 6. flokkur:

Ýmis opin mót félaga yfir veturinn.

Íslandsmót í byrjun júní.

Drengir: Króksmót á Sauðárkróki um miðjan ágúst. Lengd mótsins er tveir dagar. Eða orkumótið í eyjum. Lengd móts þar er fimm dagar.

Stúlkur: Mismunandi er hvaða mót er farið á.

### 7. flokkur:

Tvö til þrjú opin mót yfir veturinn.

Drengir: Norðurálmót á Akranesi um miðjan júní.

Stúlkur: Mismunandi er hvaða mót er farið á.

---

*Aðstoð foreldra er mikilvæg í tengslum við mót, hvort sem er tengt skipulagi fyrir mót, fararstjórn á móti, öflun aðfanga og fleira.*

[Ath. að foreldrar og þjálfarar kynni sér vel Handbók gístimóta á vequm Leiknis fyrir allar nánari upplýsingar um gístimót.](#)

## Leiknisföt

Útbúnaður á æfingum eru fótboltaskór og íþróttaföt. Mikilvægt er að klæða sig eftir veðri. **Munið að merkja fatnað barnanna!**

Leiknir leikur í fötum frá Erreà og allir iðkendur þurfa að eiga treyju, sokka og stuttbuxur. Eins er gott að eiga galla og yfirhöfn til æfinga. Í keppnum er skylda að vera með legghlífar.

Sport Company er umboðsaðili Erreà á Íslandi og sér um sölu á Leiknisfatnaði.

errea.is  
Sport Company ehf.  
Bæjarlind 14-16  
200 Kópavogur

## Myndataka

Liðsmyndir eru teknar einu sinni á ári og oftast í september ca. Fyrir flokkaskipti og svo hafa myndirnar verið afhentar iðkendum á uppskeruhátíð nokkrum vikum seinna. Myndatakan er auglýst á facebook síðum flokkanna með góðum fyrirvara. Iðkendur mæta á auglýstum tíma í keppnisfötunum.

## Fjáraflanir

Til að standa straum af kostnaði við mót og jafnvel æfingapátttöku býður félagið upp á fjáraflanir yfir veturinn fyrir alla iðkendur. Fjáröflunin er með ýmsum hætti og er kynnt á facebook síðum flokkanna hverju sinni. Fjáraflanir eru haldnar reglubundið og eru fjölbreyttar og hafa iðkendur verið duglegir undanfarin ár að selja til dæmis klósettpappír, matvöru, nammi, og hreinsipakka svo fátt eitt sé nefnt. Einnig hafa iðkendur safnað dósnum og jafnvel fengið aðgang að talningum í matvöruverslunum. Með því að taka þátt í söfnunum hafa margir foreldrar komist hjá kostnaði í kringum mótahald.

Fyrirkomulag hverrar fjáröflunar er eftirfarandi:

1. Iðkandi selur vöruna/tekur niður pantanir.
2. Sendir síðan póst á netfang (sem gefið er upp hverju sinni) með upplýsingum um það hversu mikið var selt; magn, nafn iðkanda og kennitala, flokkur og símanúmer.
3. Iðkandi eða forráðamaður iðkanda sækir vöruna í Leiknishús á tilgreindum tíma, greiðir fyrir hana með millifærslu eða greiðir á staðnum og sér síðan sjálfur um að koma vörum til kaupenda.

## Foreldrar og fótoltinn

Foreldrar eru velkomnir að kíkja á æfingar og horfa á æfingar hjá barninu sínu. Sérstaklega er mikilvægt að mæta þegar börnin taka þátt í mótum og keppni. Taktu þátt með því að hvetja liðið áfram og alla sem eru að spila. Einblíndu á liðið sem heild og ekki hvetja eingöngu þitt barn.

Foreldrar eru velkomnir að ræða við þjálfara um þjálfunina, en ekki er leyfilegt að ganga inn á völlinn á meðan á leikjum eða æfingum stendur.

Ekki trufla æfingar með því að ræða við barnið meðan það er á æfingu né þjálfarann við sín störf. Allt hefur sinn tíma og stað.

Láttu þjálfarann um að leiðbeina og kenna leikmönnum meðan á leik stendur. Hjálpaðu þínu barni að njóta sín í fótoltanum með jákvæðni en kröfum um að gera sitt besta.

## Foreldraráð – þín þáttaka

Í hverjum flokki er starfrækt foreldraráð sem er valið ár hvert á foreldrafundum sem haldnir eru í upphafi hvers tímabils. Foreldrar eru hvattir til að gefa kost á sér á foreldrafundunum. Þannig getur þú sem foreldri tekið virkan þátt í starfi flokksins. Foreldraráð heldur til dæmis utan um ferðir á mótin ásamt því að vera tengiliður foreldra við

þjálfara og félagið. Með því að bjóða þig fram til þátttöku í foreldraráði hefur þú meira að segja um starf flokksins og getur hjálpað félaginu að verða enn betra.

## Uppákomur og skemmtanir

Félagið heldur ýmsar uppákomur fyrir börn og fullorðið Leiknisfólk.

Fastir liðir eru:

- Uppskeruhátið yngri flokkana sem sem haldin er í lok hvers tímabils
- Spilað á spil á aðfangadag með meistaraflokk
- Ýmsar uppákomur innan flokkana

Uppákomur sem ætlaðar eru fullorðnum:

- Þorablót
- Stuðningsmannakvöld að vori
- Lokahóf að hausti

Hvetjum við foreldra sérstaklega til að mæta á þær uppákomur sem félagið heldur og kynnast þannig öðru Leiknisfólki. Efum félagsauðinn í hverfinu okkar. Félagið er ekkert annað en fólk sem í því er.

## Meistaraflokkur

Félagið rekur meistaraflokk og er hann flaggskip afreksstarfs félagsins og stolt 111 Breiðholts. Félagið hvetur alla iðkendur, foreldra og áhugamenn til að mæta á leikina hjá meistaraflokki og skapa þannig góða stemningu á áhorfendabekkjunum. Það er mikilvægt fyrir leikmennina okkar að finna stuðninginn og ekki síður fyrir yngri iðkendum að fá að fylgjast með fyrirmyndum sínum leika með knöttinn.



## Hvar leita ég eftir upplýsingum

Leiknishúsið er opið frá morgni til kvölds. Þar eru allir velkomnir og heitt er á könnunni. Iðkendur eiga athvarf í Leiknishúsinu og Leiknissvæðið er opið börnum allan daginn.

Skrifstofan er opin alla virka daga og starfsfólk félagsins reiðubúið að aðstoða.

**Framkvæmdastjóri** – Stéfán Páll Magnússon.

Hann sér um allt sem tengist daglegum rekstri félagsins.

**Yfirþjálfari** – Halldór Geir Heiðarsson. Hann sér um faglegt starf og getur svarað öllum spurningum sem tengjast æfingum, æfingatímum og þjálfun.

**Vallarstjóri** - Sér um að halda Leiknishúsinu og svæðinu í góðu standi. Ekki hika við að tala við hann ef þú sérð glerbrot, rusl eða annað slíkt á svæði félagsins. Eins leitar þú til hans ef barnið þitt saknar einhvers eða hefur gleymt einhverju í húsinu eða út á velli.

## Heimasíðan – Leiknir.com

Heimasíða Leiknis er [www.leiknir.com](http://www.leiknir.com) og þar setur félagið allar helstu fréttir úr starfi félagsins. Þar getur þú fundið uppeldisáætlun félagsins, upplýsingar um æfingatíma, æfingagjöld og ýmislegt annað sem snýr að þátttöku í starfinu. Efst á heimasíðunni er líka alltaf að finna upplýsingar um næstu leiki sem félagið er að spila, hvort sem eru yngri flokkar eða meistaraflokkur.

## Símanúmer og netföng

Leiknishús: 557-8050

Leiknir skrifstofa: 557-8010

Leiknir framkvæmdarstjóri e-mail:

[leiknir@leiknir.com](mailto:leiknir@leiknir.com)

Leiknir gjaldkeri e-mail: [gjaldkeri@leiknir.com](mailto:gjaldkeri@leiknir.com)

(æfingagiöld og fjáraflanir)

Leiknir unglingaráð: [leiknirung@gmail.com](mailto:leiknirung@gmail.com)



## Hlutverk foreldra/forráðamanna hjá Leikni:

- ✓ Foreldrar/forráðamenn eru fyrirmyndir barnanna og þurfa að haga sér í samræmi við það.
- ✓ Verum hvetjandi og munum að þetta er leikur en ekki heimsmeistarakeppni, það má gera mistök.
- ✓ Verum jákvæð – það er allt svo miklu skemmtilegra þegar við erum jákvæð.
- ✓ Virðum störf þjálfara - ræðum t.d. ekki persónuleg málefni á meðan á æfingu stendur. Allir þjálfarar gefa upp netfang og síma þar sem hægt er að ná í þá.
- ✓ Virðum störf dómara – margir eru að stíga sín fyrstu skref í dómarastörfum sínum hjá yngri flokkum og þurfa að fá rými til að læra.



VIÐ VONUM AÐ ÞÚ NJÓTIR ÞESS AÐ  
VERA LEIKNISFORELDRI OG VINNIR  
AÐ ÞVÍ MEÐ OKKUR ÖLLUM AÐ  
GERA GOTT FÉLAG ENN BETRA!